



Umsókn um stöðuleyfi

Umsækjandi

Nafn umsækjanda / eigand	Kennitala	Heimilisfang	Póstnr.

Sótt er um stöðuleyfi fyrir

Gáma  
 Fjöldi

Báta  
 Fjöldi

Hjólhýsi  
 Fjöldi

Söluhús/söluvagn  
 Annað: \_\_\_\_\_

Lóð og staðsetning

Heiti/staðsetning	Nr.	Staðgreinir	Landnúmer

Velja skal annað hvort hér að neðan:

- Meðfylgjandi er afstöðumynd/grunnmynd sem sýnir staðsetningu og fjölda  
 Meðfylgjandi er hnit fyrir staðsetningu hlutar sem stöðuleyfið nær til.

*Teikning / hnit skulu berast í öðru hvoru hnitakerfinu: ISN93 eða WGS84(lat,lon)*

Skýringar, ástæða umsóknar og annað sem umsækjandi vill koma á framfæri við afgreiðslu málsins.

Leiðbeiningar til umsækjanda

Skipulags- og byggingardeild Fljótshéraðs leitast við uppfylla þarfir einstaklinga og fyrirtækja samhliða því að skapa góða umgengni og ásýnd Fljótshéraðs. Reynslan sýnir að aðstæður og þarfir umsækjenda eru mjög misjafnar og mikilvægt að staðsetning þessara hluta ógni ekki öryggi þeirra sem um svæðið fara, valdi ekki umhverfinu skaða og skapi sjónmengun.

2.6.1. gr. Umsókn um stöðuleyfi.

Sækja skal um stöðuleyfi til leyfisveitanda til að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- Hjólhýsi, á tímabilinu frá 1. október til 1. maí.
- Gáma, báta, torgsöluhús, fristundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings, og stór samkomutjöld.

Umsókn um stöðuleyfi skal vera skrifleg og undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni viðkomandi hlutar og skal fylgja samþykki eiganda eða lóðarhafa þeirrar lóðar sem fyrirhugað er að lausafjarmunirnir standi á. Í umsókn skal gerð grein fyrir tilgangi og lengd stöðuleyfis. Með umsókn skulu fylgja uppdættir og önnur gögn sem nauðsynleg eru til að sýna staðsetningu, útlit og gerð, fyrirkomulag og öryggi lausafjarmunanna.

Lausafjarmuni skal staðsetja þannig að almenningi stafi ekki hættu af og ekki sé hættu á að eldur geti borist frá þeim í aðliggjandi hús. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torveldað. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hættu vegna lausafjarmuna og er leyfisveitanda heimilt að krefja eiganda um gögn og rökstuðning þar að lútandi.

Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjarmuni sem falla undir þessa grein uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og ákvæði laga um fráveitur og laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

Stöðuleyfi skulu mest veitt til 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

*Einnig er vísað í gr. 2.6.2. Heimild leyfisveitanda að fjarlægja lausafjarmuni í byggingarreglugerð nr. 112/2010.*